



Til:
Efni:
Upplýsingar:

sigridur.svana.helgadottir@uar.is, ""Sigurður Á. Þráinsson"" <sigurdur.thrainsson@uar.is>
Fw: Umsögn á grundvelli 3. mgr. 7. gr. laga nr. 64/1994, Isavia ohf.
Sent: 28/05/2015 09:19:31 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2015050018, Bréfalyklar: 42-4-
Umsagnir um undanþágur til sýnatöku og veiða

Tilvísun í mál: 2015050018

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna Isavia. Undirritað bréf verður sent.

kv .

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Bréf

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Sigríður Svana Helgadóttir
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 27. maí 2015
2015050018

Efni: Umsögn á grundvelli 3. mgr. 7. gr. laga nr. 64/1994, Isavia ohf.

Vísað er til bréfs frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 12. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við endurskoðað erindi frá Isavia ohf. til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins þar sem óskað er eftir undanþágu til veiða á fuglum í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga nr. 64/1994.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að Isavia ohf. fái undanþágu til veiða á þeim tegundum sem sótt er um en telur að setja þurfi ákveðin skilyrði um skil á gögnum og fleira. Náttúrufræðistofnun telur einnig eðlilegt að leyfið sé fyrst til þriggja ára í stað fimm meðan að reynsla er að komast á framkvæmd og framvindu verkefnisins þ.m.t. skil á gögnum o.s.frv. Náttúrufræðistofnun bendir á að óþarfi er að veita sérstaka undanþágu vegna tegunda sem veiða má allt árið (svartbakur, sílamáfur, sílfurmáfur, hrafn). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að veiðar séu í flestum tilfellum neyðarúrræði enda skilar búsvæðastjórnun örugglega betri árangri til lengri tíma en það er aðferð sem Isavia leggur áherslu á og er það til fyrirmyndar.

Náttúrufræðistofnun leggur til að gerð sé krafa um að skýrslum um framvindu/„árangur“ aðgerða sé skilað árlega og þar séu skráð öll atvik s.s. tegundir sem eru veiddar, hvar, árstími og tími dags. Einnig væri mjög til bóta að taka myndir af öllum skotnum fuglum svo hægt sé

greina þá til tegundar og aldurs. Myndirnar þarf að merkja með ábyggilegum hætti svo þær sé hægt að samkeyra með öðrum gögnum í árlegri skýrslu.

Virðingarfyllt
Jón Gunnar Ottósson

Trausti Baldursson